




## Leiðbeiningar um leigubifreiðaakstur vegna COVID-19


Leiðbeiningar fyrir leigubifreiðastjóra vegna aksturs með farþega þ.m.t. farþega í sóttkví. Tilgangur leiðbeininga er að verja leigubifreiðastjóra og farþega fyrir hugsanlegu smiti.

**FORÐUMST**  
HIÍJK LMN OÓPR

Við tiltekna aðstæður eykst smithætta COVID-19


**L**  **M**  **N** 


Léleg loftræsting      Margmenni      Náin samskipti




Áhættan er meiri þar sem þættirnir skarast  
Þössum upp á hvert annað og lágmörkum smithættuna með því að forðast **lokuð rými, mannþröng** og **návígi**.


**Hvað getur þú gert?**


 Forðastu mannþröng og takmarkaðu veru þína í lokuðum rýmum

 Haltu rétri fjarlægð frá öðrum


 Ef þú hefur tök á, opnaðu glugga og hurðir fyrir betri loftræstingu

 Þvoðu hendurnar og haltu fyrir vitið þegar þú hóstar eða hnerrar

 Vertu með grímu þar sem við á eða þegar ónógulegt er að halda rétri fjarlægð

 World Health Organization



 Embætti landlæknis

22. febrúar 2021

## Bílstjóri

- Skal nota hlífðargrímu í akstri og gæta þess að lofta út hvenær sem færi gefst.
- Skal þekkja reglur um sóttvarnir og hvetja farþega til að gæta að eigin nándarmörkum.
- Skal halda framsæti (farþegasæti) auðu.
- Má ekki flytja veika farþega með einkenni COVID-19 sem eru helst þessi: Hitir, kvæfinkenni, hósti, hálssærindi. Slíkir einstaklingar skulu hafa samband við heilsugæslu.
- Biður fólk að skilja farangur eftir við farangursrými → gengur frá farangri → sóttreinsar hendur áður en ferð er hafin. Ef farþegi er nægilega heilsuhraustur er best að hann gangi sjálfur frá farangri sínum í farangursrými og spritti hendur fyrir og á eftir.
- Skal spritta hendur þegar komið er á áfangastað, áður en hann opnar og lokar farangursrými. Ef farþegi er nægilega heilsuhraustur er best að hann taki sjálfur farangur úr farangursrými og spritti hendur fyrir/eftir.
- Þrífur og sóttreinsar bílinn eftir ferð skv. leiðbeiningum sóttvarnalæknis. Notar hanska eða þvær hendur vel á eftir. COVID-19 veiran drepst í snertingu við sápu/sóttreinsandi efni (t.d. Virkon 1%). Best er ef skipt er um tusku eftir hver þríf/eða notaðir eru einnota klútar. Tuskur má þvo á hefðbundinn hátt í þvottavél (60°C). Mælt er með að þvo sæti með sápu/sóttreinsandi efni eftir flutning eins og við á en a.m.k. daglega og ávallt eftir flutning farþega í sóttkví. Lofta skal út á milli farþega.
- Ef bílstjóri er í áhættuhópi ætti hann að sýna sérstaka varúð til að tryggja öryggi sitt og fylgja leiðbeiningum til að koma í veg fyrir smit milli sín og farþega. Bílstjóri ætti að nota hlífðargrímu og ætti ekki að flytja farþega í sóttkví nema að hann geti tryggt aðskilnað milli sín og farþega t.d. með skilrúmi og/eða fjarlægð.
- **Má flytja einstaklinga sem eru í sóttkví (t.d. frá flugvelli/höfn eða í sýnatöku) en þá þarf bílstjóri að gæta sérstakra varúðarráðstafana:**
  - a. Hlífðarskilrúm er skylda fyrir bifreiðar sem flytja farþega sem eru í sóttkví. Skilrúm skal vera tryggilega fest í ökutækinu og tryggja þarf að loftræsting sé áfram í lagi.
  - b. Ferðin skal skráð til að auðvelda rakningu ef upp kemur smit. Skrá skal upphafstíma ferðar, endi, upphafsstað og áfangastað.
  - c. Bílstjóri og farþegar skulu nota hlífðargrímu sem hylur nef og munn.
  - d. Tryggja skal a.m.k. 2 metra nándarmörk á milli farþega. Undantekið er fólk úr sömu fjölskyldu, fólk sem býr á sama heimili, vinahópur/vinnufélagar sem hafa verið og eru í nánnum tengslum. Nándarmörkin ná ekki til barna sem fædd eru 2005 og síðar.
  - e. Fækka farþegum um helming, þ.e. fjögurra manna bifreið getur flutt tvo í aftursæti með laust sæti á milli. Stór bíll sem hefur leyfi fyrir átta farþega, flytur að hámarki fjóra farþega. Undantekið er fólk úr sömu fjölskyldu, fólk sem býr á sama heimili, vinahópur/vinnufélagar sem hafa verið og eru í nánnum tengslum.
  - f. Bílstjóri skal hafa einnota hanska/hlífðargrímur til taks til afnota fyrir sig og farþega.

## Bifreiðin

- Leiðbeinandi merkingar vegna COVID-19 frá sóttvarnalækni skulu vera við inngang í bifreiðinni.
- Handspritt, þurrkur og ruslapokar eiga ávallt að vera aðgengilegir fyrir bílstjóra og farþega.
- Snertilaus greiðsluleið/posi skal vera til staðar.
- Hlífðarskilrúm er skylda fyrir bifreiðar sem flytja farþega sem eru í sóttkví. Skilrúm skal vera tryggilega fest í ökutækinu og tryggja þarf að loftræsting sé áfram í lagi.
  - [Leiðbeiningar varðandi smitgát og þríf](#)
  - Leiðbeinandi merkingar vegna COVID-19 á [íslensku](#) og [ensku](#)
  - Leiðbeinandi merkingar vegna grímuskyldu, á [íslensku](#) og á [ensku](#)